

Ed.

322. Frumvarp til laga

[165. mál]

um breyting á lögum um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu frá 31. desember 1968.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Á eftir 18. gr. laga um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu frá 31. desember 1968 komi ný grein, er verði 19. gr., svo hljóðandi: Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu frá 31. desember 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð mér, að í lög um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu frá 31. desember 1968 skorti ákvæði um gildistöku laganna.

Til að forða vandkvæðum beri brýna nauðsyn til að lögin öðlist þegar gildi.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Á eftir 18. gr. laga um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu frá 31. desember 1968 komi ný grein, er verði 19. gr., svo hljóðandi: Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 4. janúar 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.